



Jón Ólafur Bjarnason

Fæddur 1. október 1925

Dáinn 14. mars 2019

*Ástvinir þakka vináttu og samúð og bjóða viðstöddum
að þiggja veitingar í Frimúrarahúsinu í Hafnarfirði
við Ljóströð að lokinni athöfn.*

Jarðsett verður í Kirkjugarði Hafnarfjarðar.

Prestur: Sr. Sigríður Kristín Helgadóttir
Organisti: Gunnar Gunnarsson
Kór: Sönghópur Fríkirkjunnar
Einsöngur: Kirstín Erna Blöndal og Örn Arnarson
Fiðluleikur: Auður Hafsteinsdóttir
Umsjón útfarar: Frimann og Hálfán - Útfararþjónusta

Útför frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði
fimmtudaginn 28. mars 2019

FORSPIL

Orgel
Adagio
T. Albinoni

BÆN

Ég kveiki á kertum mínum
við krossins helga tré.
Í öllum sálmum sínum
hinn seki beygir kné.
Ég villtist oft af vegi.
Ég vakti oft og það.
Nú hallar helgum degi
á Hausaskeljastað.

Í gegnum móðu' og mistur
ég mikil undur sé.
Ég sé þig koma, Kristur,
með krossins þunga tré.
Af enni daggir drjúpa,
og dýrð úr augum skín.
Á klettinn vil ég krjúpa
og kyssa sporin þín.

Ég fell að fótum þínum
og faðma lífsins tré.
Með innri augum mínum
ég undur mikil sé.
Þú stýrir vorsins veldi
og verndar hverja rós.
Frá þínum ástareldi
fá allir heimar ljós.

Guðrún Bødvarsdóttir / Davíð Stefánsson

RITNINGARORÐ

Ég krýp og faðma fótuskör þína,
frelsari minn á bænastund.
Ég legg sem barnið bresti mína,
bróðir, í þína líknarmund.
Ég hafna auðs og hefðarvöldum,
hyl mig í þínum kærleiksöldum.

Bortniansky / Guðmundur Geirdal

GUÐSPJALL

EINSÖNGUR

Það vex eitt blóm fyrir vestan

Guðmundur Arnason / Steinn Steinarr

MINNINGARORÐ

Kveðjulaug frímúrara

Valdimar Sciött

BÆN OG FAÐIR VOR

EINSÖNGUR

Ave, María

Sigvaldi Kaldalóns / Indriði Einarsson

MOLDUN

Ó, faðir, gjör mig lítið ljós
um lífs míns stutta skeið,
til hjálpar hverjum hal og drós,
sem hefur villst af leið.

Ó, faðir, gjör mig blómstur blítt,
sem brosir öllum mót
og kvíðalaust við kalt og hlýtt
er kyrrt á sinni rót.

Ó, faðir, gjör mig ljúflingslag,
sem lífgar hug og sál
og vekur sól og sumardag,
en svæfir storm og bál.

Ó, faðir, gjör mig styrkan staf
að styðja hvern sem þarf,
uns allt það pund, sem Guð mér gaf,
ég gef sem bróðurarf.

Ó, faðir, gjör mig sigursálm,
eitt signað trúarlag,
sem afli blæs í brotinn hálm
og breytir nótt í dag.

Edwards / Matthias Jochumsson

BLESSUN

EFTIRSPIL

Þú hýri Hafnarfjörður

Þú hýri Hafnarfjörður sem horfir móti sól,
þó hraun þin séu hrjóstrug er hvergi betra skjól,
þinn fagri fjallahringur með fönn á efstu brún
og hamraborgir háar, á holti gróin tún.

Sér leikur létti blærinn við lága klettaströnd,
þar bærast fley á báru og blika seglin þönd.
Er dvína dagsins glæður og daprast geislatjöld,
þín gætir gamli Fjörður hin góðu máttavöld.

Friðrik Bjarnason / Guðlaug Pétursdóttir